

# Eldfjallasafn í Stykkishólmi

OPNAR 31. MAÍ 2009

Einstæð alþjóðasýning á listaverkum og munum tengdum eldgosum og áhrifum þeirra. Haraldur Sigurðsson prófessor og eldfjallafræðingur veitir leiðsögn um sýninguna.



Á Hvítasunnu 31. maí 2009 verður opnuð kynningarsýning á Eldfjallasafni í Stykkishólmi, og verður hún opin þar til í byrjun september 2009.

Kynningarsýningin er undirbúningur að stofnun Eldfjallasafns í Stykkishólmi í náinni framtíð, þar sem margir þættir eldfjalla og virkni þeirra verða skoðuð í ljósi lista, vísinda, bókmennta og umhverfisáhrifa. Á Eldfjallasafni er kynning flutt daglega af Haraldi Sigurðssyni á íslensku og ensku, um eldgos og áhrif þeirra, ásamt fræðslu um jarðfræði sem hentar fólki og nemendum með litla eða enga þekkingu á þessu sviði.

Á sýningunni er alþjóðasafn af listaverkum, fornum og nýjum, sem sýna eldgos, og einnig munir, forngripir, minjar og steintegundir úr einstöku safni Haraldar Sigurðssonar prófessors, sem hefur stundað eldfjallarannsóknir í yfir fjörutíu ár um allan heim.



Haraldur Sigurðsson er fæddur og uppalinn í Stykkishólmi. Hann starfaði sem prófessor í eldfjallafræði og hafnfræði í Bandaríkjunum en hefur flutt til Íslands eftir um 40 ára starf erlendis. Á ferðum sínum um heiminn og í störfum sínum hefur Haraldur komið sér upp miklu safni af efni, ýmiskonar listaverkum, rannsóknarefni og bókum sem snerta eldgos og eldvirkni víðsvegar um heiminn. Haraldur hefur nú lagt safn sitt fram sem kjarna til að stofna Eldfjallasafn í Stykkishólmi.

Í safni Haraldar eru mörg hundruð listaverka. Þar má nefna málverk, málmstungur og svartlist ýmiskonar frá eldvirkni um allan heim. Einnig finnst þar frumstæð list (alþýðulist) frá Indónesíu, Mexíkó, Mið-Ameríku og víðar. Úrval er af japanskri "goslist" einnig listmunir og safn minjagripa. Í safninu má m.a. finna stórt verk eftir Andy Warhol frá 1985 af eldgosu, myndir eftir Japanann

Katsushika Hokusai (1760-1849), Mexíkanana David Alfaro Siqueiros og Dr. Atl, auk merkilegs safns af prentverki og plakötum af bíómyndum sem fjalla um eldgos. Haraldur hefur einnig komið sér upp vönduðu safni bóka um eldgos og eldfjallafræði auk rúmlega 6000 sérprentana með vísindagreinum og safni jarðfræðikorta. Loks má nefna töluvert safn kvikmynda og efnis á myndböndum. Allt er þetta efni í spennandi ferð um lendar jarðsögunnar, og fræðslu um eldvirkni víðs vegar um heim.

Með kynningarsýningunni sem nú opnar er tekið fyrsta skref til stofnunar Eldfjallasafns í Stykkishólmi. Þörf fyrir slíka stofnun á Íslandi er augljós. Land okkar er algjörlega byggt upp af eldgosum og saga okkar er samtvinnuð eldvirkni, bæði hamförum sem hafa orðið að völdum eldgosa, eins og Skaftáreldum árið 1783, og jákvæðum áhrifum eldfjallanna, eins og jarðhita. Eldfjallasafn mætir einnig brýnni þörf í ferðaþjónustu, bæði fyrir íslendinga og erlenda ferðamenn. Kjarni Eldfjallasafns í Stykkishólmi er traustur, og byggist hann á einstæðu safni Haraldar Sigurðssonar eldfjallafræðings, en nokkur hluti þess er sýndur hér. Auk þess verður Eldfjallasafn vettvangur fyrir þverfaglegar rannsóknir á öllum þáttum menningar, lista og vísinda sem snerta eldgos og áhrif þeirra. Á þann hátt verður stofnunin einstök á heimsmælikvarða. Hér á kynningarsýningunni er sýndur aðeins hluti af safni því sem Haraldur hefur víðað að sér. Aðal áhersla er lögð á tengsl vísinda og lista í þessari sýningu. Annar efniviður í fórum Eldfjallasafns er bókasafn nokkur þúsunda binda af verkum sem fjalla um eldfjöll og

jarðfræði, nokkur þúsund greinar úr vísindaritum, kort og önnur skjöl, auk muna og steinasafns. Framtíðarsýnin um Eldfjallasafn er stofnun í Stykkishólmi sem er fyrst og fremst hugsuð sem vettvangur til að fræða almenning um uppruna, eðli og áhrif eldgosa. Vegna sérstöðu efnis þess sem þegar liggur fyrir, þá verða þverfagleg atriði fyrst í stað í hárúmi, eins og áhrif eldfjalla á listir og bókmenntir. Einnig munum við stefna á virka þáttöku Eldfjallasafns í vísindarannsóknum og aðferðum til að beita tækni til eldfjallarannsókna, í samstarfi við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og aðrar stofnanir.



Gamla samkomuhúsið í Stykkishólmi (Stykkishólms-bíó) þjónar vel þeim tilgangi að hýsa kynningarsýninguna og til fundarhalda, en er of lítið fyrir Eldfjallasafn framtíðar. Stykkishólmsbær hefur þegar afmarkað 2200 fermetra lóð við hliðina á þessu húsi, sem er tilvalin til byggingar Eldfjallasafns framtíðarinnar. Þegar bygging rís þar, þá mun hún tengd þessu húsi. Steinagarður verður umhverfis Eldfjallasafn, þar sem safnað verður stórum sýnum af öllum helstu íslenskum bergtegundum.

## JARÐFRÆÐI, ELDFJÖLL OG SAGA - fræðsluferðir um Snæfellsnes.

Sumarið 2009 stendur Eldfjallasafn í Stykkishólmi fyrir fræðsluferðum um Snæfellsnes á mánudögum og þriðjudögum, þar sem Nesið er skoðað og fjallað er um jarðfræði og eldfjöll undir handleiðslu eins mesta sérfæðings á þessu sviði.

Einnig er rætt um þá auðlegð sem Nesið hefur að geyma í tengslum við Íslendingasögur.

Snæfellsnes býður upp á ótrúlega fjölbreytni í jarðfræði, og má með sönnu segja að Snæfellsnes sé einskona vasabókarútgáfa af jarðfræði Íslands, auk fráberrar náttúruferðar. Farin er hringferð um Snæfellsnes, og er ferðin um átta tímar alls. Stoppað verður á öllum helstu jarðfræðistöðum á Nesinu, og veitir Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur ítarlega leiðsögn. Ferðin er ekki aðeins kynnisferð, heldur skipulögð þannig að hún skilur eftir heilsteypta mynd af jarðfræði og landmótun í lok ferðarinnar hjá hverjum þátttakanda. Höfuðþættir í jarðsögu eru kannaðir, Tertíera blágrýtismyndunin, jökulberg og setmyndanir með skeljalögum frá ísöld, myndun móbergs, og hraun og gjóskuberg frá nútíma. Auk þess fá þátttakendur tækifæri til að skoða djúpberg og innskot af granófyrr og gabbró. Þannig er hver ferð, ásamt fyrirlesturum í Eldfjallasafni í Stykkishólmi, einskona námskeið um jarðfræði Íslands. Merkir staðir í jarðfræði Íslands verða kannaðir í ferðinni, þar á meðal Drápuhlíðarfjall, Kerlingarfjall, Snæfellsjökull, Búlandshöfði, Berserkjahraun og fleiri.

Nánari upplýsingar:

[www.eldfjallasafn.is](http://www.eldfjallasafn.is)

Haraldur Sigurðsson gsm 841-1912

Stykkishólmsbær 433-8100

Myndefni til notkunar með fréttatilkynningu:

[www.eldfjallasafn.is/press/](http://www.eldfjallasafn.is/press/)